# Framleiðsluráð SI

## Niðurstöður úr stefnumótun - Framtíðarsýn 2021

**Mars 2017**




Samtök iðnaðarins

# Skipting starfsgreina SI á grundvelli nýs skipulags



# En hvað vitum við um framleiðslu?

FRAMLEIÐSLURÁÐ
Samtaka iðnaðarins

- ✓ Árið 2015 verð verðmæti seldrar framleiðsluvöru 754 milljarðar
- ✓ Fjöldi fyrirtækja í framleiðsluiðnaði voru 932 og hjá þeim starfa ríflega 14.000 manns
- ✓ Hlutur framleiðslu í verðmætasköpun 2015 var 12,5%
  - ✓ Engin önnur grein ein og sér er stærri.
- ✓ 2015 voru fluttar út framleiddar iðnvörur fyrir 331 milljarð króna
  - ✓ (52,9% af öllum vöruútflutningi). Þau vógu 1.199.759,8 tonn)




Skjámynd af vef Hagstofunnar

SI

# Hvaða framleiðsluvörur erum við að tala um?

FRAMLEIÐSLURÁÐ
Samtaka iðnaðarins

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Málmar | Vogir og vinnsluvélar | Bátar | Endurvinnsla | Húsgögn og innréttingar |
| Prentverk | Umbúðir | Drykkjarvörur, grænmeti og sælgæti | Kjöt, mjólk og brauð | Rör, gluggar og húshlutar |
| Eldsneyti | Veiðarfæri | Vélbúnaður | Ull og fatnaður | Gastegundir |
| Leiktæki | Fóður | Kælikerfi | Málning og hreinsiefni | Lyf og lækningatæki |

SI

# Nokkur dæmi um hvaða fyrirtæki þetta eru

FRAMLEIÐSLURÁÐ
Samtaka iðnaðarins

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Alcoa | Becromal | Marel | Trefjar | Gámaþjónustan |
| Oddi | Sæplast | Ölgerðin | Síld og Fiskur | Sláturfélag Suðurlands |
| Mjólkursamsalan | Myllan | Set | Á. Guðmundsson | Carbon Recycling |
| Hampiðjan | Héðinn | Varma | Ísaga | Krumma |
| Lífland | Málning hf. | Framtak | Actavis | Límtré Vírnet |

SI

# Tilgangur Framleiðsluráðs

## Að vera samstarfsvettvangur og sameiginleg rödd framleiðslugreina á Íslandi.

Við gerum það með því að auka sýnileika framleiðslu, með jákvæðri miðlun upplýsinga og með því að læra hvert af öðru.

Framleiðsluráð stuðlar að betri árangri í rekstri og bættu starfsumhverfi, eflir tengslanet fagfólks í framleiðslugreinum og vinnur að því að framleiðslugreinar séu eftirsóttur starfsvettvangur.

# Framleiðsluráð SI

Í Framleiðsluráði sitja:

Gestur Pétursson - Elkem Ísland og formaður

Bergþóra Þorkelsdóttir - ÍSAM og varaformaður

Andri Daði Aðalsteinsson - Límtré Vírnet

Einar Sveinn Ólafsson - Íslenska kalkþörungafélagið

Gunnar Sverrisson - Oddi

Margrét Ormslev - CRI

Steinþór Skúlason - Sláturfélags Suðurlands

Stefán Magnússon - Coca-Cola European Partners Ísland

Þórður Theodórsson - Marel




capacent — design thinking stefnumótun — nordica 28/11 — teiknað af rán flygenring — 2016
FRAMTÍÐARSÝN FRAMLEIÐSLURÁÐS SI
2021
FRAMLEIÐSLURÁÐ er samstarfsvettvangur & sameiginleg rödd framleiðslugreina á íslandi.
íslenskar FRAMLEIÐSLUVÖRUR ERU EFTIRSÓTTAR FYRIR
Gæði
frumleika
JÁKVÆÐAN UPPRUNA
FRAMLEIÐSLURÁÐ ER LEIÐANDI í UMRÆÐU
25%
vöxtur í greininni*
*frá 2016
FRÁBÆR SAMVINNA
A) VIÐ HAGSMUNAAÐILA
B) MILLI FYRIRTÆKJA Í FRAMLEIÐSLU
fjölmörg TÆKIFÆRI fyrir ALLA, óháð KYNI, ALDRI & UPPRUNA
við tökum VEL & SKIPULEGA á móti fólki sem vill starfa á íslandi
MIKIL ÁSÓKN Í STÖRF innan geirans
ÍSLENSKAR FRAMLEIÐSLUVÖRUR ERU FRAMLEIDDAR AF samfélagslega ábyrgum fyrirtækjum
VIÐ BESTU STARFSSKILYRÐI
& stöðugt rekstrarumhverfi
SEM DREGUR AÐ HÆFT FÓLK
MENNTUN & ÞJÁLFUN = Í TAKT VIÐ ÞARFIR FRAMLEIÐSLUGREINANNA
+ þróun á hagnýtu námi
Aukið framboð á menntuðu starfsfólki í IÐN- OG TÆKNIGREINUM
rosalega eftirsóttar

# Framtíðarsýn Framleiðsluráðs 2021

Íslenskar framleiðsluvörur eru eftirsóttar fyrir gæði, frumleika og jákvæðan uppruna.

Þær eru framleiddar af samfélagslega ábyrgum fyrirtækjum við bestu starfsskilyrði og stöðugt rekstarumhverfi sem dregur að hæft fólk.

# Framtíðarsýn – sviðsmynd 2021

FRAMLEIÐSLURÁÐ
Samtaka iðnaðarins

Framleiðsluráð er leiðandi í að bæta starfsumhverfi, ímynd og umræðu um íslenska framleiðslu. Það hefur stuðlað að bættu aðgengi að hagtölum og gögnum um mikilvægi framleiðslu á Íslandi.

Íslensk framleiðsla hefur vaxið um fjórðung frá 2016. Þann frábæra árangur má ekki síst rekja til stöðugs og bætts rekstarumhverfis, átaks í menntun, ásamt aukinni framleiðni og sjálfvirkni frá árinu 2016, sem náðst hefur með frábærri samvinnu framleiðslugeirans við alla hagsmunaaðila.

Ásókn í störf hjá íslenskum framleiðslufyrirtækjum hefur aukist verulega frá árinu 2016 samhliða auknu framboði á menntuðu starfsfólki í iðn- og tæknigreinum – sem eru eftirsóttar. Við tökum vel og skipulega á móti fólki sem vill starfa á Íslandi.

Framleiðsluráð hefur markvisst kynnt tækifæri í greininni óháð kyni, aldri og uppruna, miðlar upplýsingum um menntun og þjálfun í takti við þarfir framleiðslugreinanna og hefur stuðlað að aukinni samvinnu fyrirtækja í framleiðslu og þróun á hagnýtu námi.

SI

# Markmið

FRAMLEIÐSLURÁÐ
Samtaka iðnaðarins

| | |
|---|---|
| **Framleiðni og nýsköpun** | • Framleiðni eykst í framleiðslufyrirtækjum með bættri gæðastýringu, nýsköpun og fræðslu |
| **Samkeppnishæfni** | • Hagtölur framleiðslugreina eru uppfærðar reglulega, greining á starfsumhverfi og samkeppnishæfni er því ávalt aðgengileg |
| **Samfélagsleg ábyrgð** | • Framleiðslufyrirtæki eru samfélagslega ábyrg og vinna saman að því að bæta starfsskilyrði framleiðsluiðnaðar |
| **Ímynd** | • Auka vægi framleiðslugreina í þjóðfélagslegri umræðu og vekja athygli á gæðum íslenskrar framleiðslu |
| **Mannauður** | • Framleiðslufyrirtæki verði eftirsóttir vinnustaðir sem bjóða fjölbreytt störf fyrir fólk á öllum aldri, frá ólíkum löndum og af báðum kynjum |

# Fjöldi vöruþróunar- og nýsköpunarverkefni 2017




Könnun SI apríl 2017 Svör frá 72 fyrirtækjum

# Fjölbreytt vöruþróunar- og nýsköpunarverkefni

„Nýjar útfærslur á þeim vörum sem voru áður til staðar.“

„Ný starfsemi og þróun á eldri starfsemi.“

„Endurhönnun á núverandi vörum og þróun á nýjum.“

„Bætt nýting vöru.“ „Umbætur í umbúðum.“

„Vélvæðing.“ „Þróun á vélbúnaði.“

„Þróun að róbótalausnum.“

„Nýjar vörur, bættar framleiðsluaðferðir, hráefnissparnaður.“

„Nýjar vörur, umbúðir, framleiðslutækni, vörusamsetning.“

„Stöðug hönnun á nýsmíði.“

„Í öllum helstu vöruflokkum fyrirtækisins er stöðug vöruþróun.“

„Nýjar vörur úr sama hráefni aukð verðmæti, vörur úr hliðarafurðum.“

# Dæmi um svör fyrirtækja um áhrif vöruþróunar

„Ánægðari viðskiptavinir.“

„Hefur bætt undirliggjandi rekstur og afkomu.“

„Nýsköpun í formi nýrra framleiðslulína skapa sívaxandi hlut af tekjum fyrirtækisins.“

„Hefur aukið framleiðslumagn og aukið vinnsluvirði hverrar einingar.“

„Nýsköpun og þróun er undirstaða alls vaxtar hjá fyrirtækinu.“

„Aukinn markaður.“ „Bætt vöruframboð.“

„Veltan hefur 10 faldast á 10 árum.“

„Bætir samkeppnishæfni fyrirtækisins.“ „Söluaukning.“

„Bætt framleiðni. Bættur árangur í umhverfismálum. Bættur árangur í öryggismálum.“

„Einfaldari verkferlar og framboð skilað skilvirkni í framleiðslu.“

# Skattafrádráttur og styrkir

- Einungis **fimm af 67** fyrirtækjum í framleiðslu hafa sótt skattafrádrátt
- **Tólf** hafa sótt styrk í rannsóknar- og þróunarsjóði